



Reykjavík, 18. desember 2019
SFS2019090289
177. fundur
HG/vós

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi umferðaröryggi barna við grunnskóla Reykjavíkurborgar

Á 171. fundi skóla- og frístundaráðs, 24. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvernig umferðaröryggi barna er tryggt við skóla borgarinnar. Við hvaða grunnskóla eru gangbrautarljós eða sérmerktar upplýstar gangbrautir og hvaða skólar eru með gangbrautavörslu.

Svar:

Sjö grunnskólar eru með skilgreind stöðugildi í gangbrautavörslu; Dalskóli, Hlíðaskóli, Hólabrekkuskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli, Vogaskóli og Ölduselsskóli.

Leitað var til umhverfis- og skipulagssviðs varðandi gangbrautarljós og gangbrautir við grunnskóla og er svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. október 2019, hér meðfylgjandi.

UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um umferðaröryggi

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

"Óskað er upplýsinga um hvernig umferðaröryggi barna er tryggt við skóla borgarinnar. Við hvaða grunnskóla eru gangbrautarljós eða sérmerktar upplýstar gangbrautir og hvaða skólar eru með gangbrautavörslu".

Skóla- og frístundasvið svarar fyrirspurninni er snýr að gangbrautavörslu en vísað er til umhverfis- og skipulagssviðs að öðru leiti.

Til að leitast við að svara fyrirspurninni var það tekið saman í töflu að neðan hvar finna má gangbrautir, stök gangbrautarljós og undirgöng í nágrenni grunnskóla í borginni. Í töflunni er tilgreindur fjöldi gangbrauta, gönguljósa og undirganga innan 150 m frá viðkomandi grunnskóla. Það er mikilvægt að hafa í huga að skipulag byggðar og samgangna umhverfis grunnskóla og staðsetning þeirra innan hverfa er mismunandi. Fjöldi gangbrauta, gönguljósa og undirganga er ekki endilega mælikvarði á öryggi barna á leið í og úr skóla.

Skóli	Gangbrautir	Gönguljós	Undirgöng
Árbæjarskóli	4	0	0
Ártúnsskóli	2	0	0
Austurbæjarskóli	7	0	0
Barnaskóli Hallastefnu, Reykjavík	0	0	0
Breiðagerðisskóli	3	0	0
Breiðholtsskóli	3	0	0
Dalskóli	0	0	0
Fellaskóli	2	0	0
Foldaskóli	1	0	1
Fossvogsskóli	0	0	0
Grandaskóli	2	0	0
Háaleitisskóli - Álftamýri	3	0	0
Háaleitisskóli - Hvassaleiti	3	0	0
Hagaskóli	5	0	0

Hamraskóli	1	0	1
Háteigsskóli	3	0	0
Hlíðaskóli	7	3	0
Hólabrekkuskóli	6	0	0
Húsaskóli	0	0	0
Ingunnarskóli	0	0	1
Kelduskóli - Korpa	3	0	0
Kelduskóli - Vík	1	0	0
Klébergsskóli	0	0	0
Landakotsskóli	7	1	0
Langholtsskóli	2	1	0
Laugalækjarskóli	2	1	0
Laugarnesskóli	7	0	0
Melaskóli	3	0	0
Norðlingaskóli	0	0	0
Ölduskelsskóli	4	0	0
Réttarholtsskóli	1	1	0
Rimaskóli	5	0	0
Sæmundarskóli	2	0	0
Selásskóli	5	0	0
Seljaskóli	3	0	0
Skóli Ísaks Jónssonar	3	1	0
Suðurhlíðarskóli	3	0	0
Vættaskóli - Borgir	1	0	0
Vættaskóli - Engi	0	0	0
Vesturbæjarskóli	5	1	0
Vogaskóli	0	1	0

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri